# Verklagsregla um frábrigði, útbætur og forvarnir - jafnlaunakerfi

## 1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri. Verklagsreglan lýsir þeim aðgerðum sem beitt er við skoðun á frábrigðum, ábendingu, úrbótum og forvörnum sem fram kunna að koma við starfrækslu jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri.

## 2 ÁBYRGÐ

Fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni og sér til þess að unnið sé eftir henni.

## 3 FRAMKVÆMD

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að bera kennsl á frábrigði, rannsakar, gerir viðeigandi ráðstafanir og bregst við t.d. ef um verður að ræða mismun á launum kynjanna í jafnlaunagreiningu. Fjármálastjóri tryggir að ákvarðanir um laun séu í samræmi við stefnu Menntaskólans á Akureyri, rýnir og metur eðli frávika sem upp kunna að koma og leitar lausna í samræmi við alvarleika og eðli máls hverju sinni. Leitast er við að vinna að stöðugum umbótum og brugðist er við með úrbótum ef þurfa þykir (t.d. með aukinni þjálfun eða með því að breyta verklagi).

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að rýna áhrif þeirra úrbóta og forvarna sem gripið er til og er fjallað um úrbætur og forvarnir í rýni stjórnenda hverju sinni. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að bera kennsl á möguleg frábrigði, t.d. athugasemdir frá hagsmunaaðilum sem geta verið frábrigði.

Allar fyrirspurnir, ábendingar, kvartanir, úrbótaverkefni, forvarnarverkefni o.s.frv. eru skráðar í **Frábrigði, úrbætur og forvarnir** þar sem haldið er utan um öll mál.

## 4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:
4.5.3 Frábrigði, úrbætur og forvarnir

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu og vistuð eru á svæðinu Fjármálastjórn:
Frábrigði, úrbætur og forvarnir

Skjöl í gæðahandbók:
HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis
SS-0008 Jafnlaunastefna Menntaskólans á Akureyri

## 5 BREYTINGAR